

Mál nr. 379/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Örorkutrygging tengd viðbótarlífeyrissparnaði.

Gildissvið váttryggingar. Matsfrestur. Uppsögn.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. október 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. nóvember 2025 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 24. nóvember 2025 ásamt fylgiskjölum.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 9. desember 2025 ásamt fylgiskjölum.
5. Viðbótarathugasemdir M dags. 19. desember 2025 ásamt fylgiskjali.
6. Viðbótarathugasemdir V dags. 5. janúar 2026

Málsatvik.

Samkvæmt upplýsingum í málskoti, atvikalýsingu og leiðréttri atvikalýsingu M tók M umrædda örorkutryggingu hjá V á árinu 2017. Í maí 2021 hafi fjárhæðum váttryggingarinnar verið breytt og liggur fyrir beiðni, rafrænt undirrituð af hálfu M, um örorkutryggingu frá þeim tíma. M kunni þó engar skýringar á því af hverju hún hafi verið látin undirrita slíka beiðni á þeim tíma þegar hún hafi þegar verið með örorkutryggingu hjá V í fjögur ár. Hafi M því verið með váttrygginguna í gildi óslitið frá árinu 2017. Hafi ætlun V verið að segja váttryggingunni upp séu sérstakar reglur um heimildir til og framkvæmd slíkrar uppsagnar og vísar M til 76. og 79. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 því til stuðnings. Hafi V aldrei fengið neins konar tilkynningu frá V um uppsögn eða synjun um endurnýjun. Sé því ekkert komið fram sem bendi til annars en váttryggingin hafi verið í gildi frá árinu 2017.

Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti fékk M greiningu um vefjagigt á árinu 2012 en þá höfðu einkenni hennar verið til staðar frá árinu 2010. Á árinu 2023 fann M fyrir mikilli versnun á einkennum og varð óvinnufær að hluta. Í maí 2024 hafi M verið komin með greiningu um sjúkdóminn ME og í kjölfarið, eða hinn 27. júní 2024, hafi hún sent V tjónstilkynningu vegna þess. V hafi, með bréfi dags. 17. október 2024, hafnað bótaskyldu með vísan til þess að þeir sjúkdómar og þau einkenni sem krafist væri bóta vegna hefðu verið komin til fyrir töku váttryggingarinnar í maí 2021.

M mótmælir þeirri afstöðu. M hafi hvorki verið greind með taugasjúkdóminn ME, né vitað eða mátt vita að hann væri til staðar við töku váttryggingarinnar á árinu 2017. Þá hafi hún ekki heldur verið greind með sjúkdóminn, vitað eða mátt vita að hún væri með hann þegar beiðni um örorkutryggingu var undirrituð 21. maí 2021. Hún hafi enda ekki hitt þann lækni sem greindi sjúkdóminn fyrr en 13. ágúst 2021. V virðist einkum byggja höfnun sína á sjúkraskrárfærslu dags. 26. apríl 2021 en þá hafi M sent skilaboð til heimilislæknis og beðið um tilvísun til taugalæknis til að athuga hvort hún væri með ME. Í tilvísun heimilislæknisins komi fram að M hafi langa sögu um stoðkerfisverki og sé með vefjagigtargreiningu. Greining á ME sé gríðarlega flókin og tímafrek og þurfi að útiloka margar aðrar mögulegar orsakir einkenna áður en greining er staðfest. Einstaklingar geti því hvorki greint sjúkdóminn sjálfir né vitað hvort þeir eru með hann. Í frummati á starfsorku M, dags. 22. ágúst 2023, sé aðeins tekið fram að taugalæknir hafi grun um ME og vísað til læknisvottorðs hans dags. 15. júlí 2023 þar sem það komi fram. Á þeim tíma hafi umrædd greining því enn ekki legið fyrir.

Gerir M þá athugasemdir við afgreiðslu málsins af hálfu V. Lögmaður hennar hafi óskað eftir öllum gögnum sem til væru hjá V um málið, þ.m.t. umsókn M um örorkutryggingu. Á engum tímapunkti hafi V upplýst um að umrædd váttrygging hefði verið tekin á árinu 2017. Hafi það ekki verið fyrr en M sjálf áttaði sig á því sem lögmaður hennar hafi fengið vitneskju um það. Gera verði meiri kröfur til V um að veita réttar upplýsingar og undanskilja ekki mikilvæg gögn sem geti haft áhrif af afgreiðslu mála.

Í bréfum V til nefndarinnar kemur fram að váttrygging M frá árinu 2017 hafi fallið niður þegar ný umsókn var fyllt út og váttryggingarfjárhæð hækkuð í maí 2021. Sjá megi af gögnum málsins að váttryggingarfjárhæð hafi þá hækkað svo og launaviðmið en tekjur M hafi hækkað um þetta leyti.

Er þá vísað til þess að skýrt komi fram í skilmálum váttryggingarinnar að ábyrgð félagsins nái ekki til afleiðinga slyss, sjúkdóms eða meins sem váttryggður hafi vitneskju um (viti eða megi vita um) að sé til staðar við undirritun samnings um váttrygginguna. Hafi M staðfest skilning sinn á framangreindu við undirritun umsóknar dags. 21. maí 2021. Ekki þurfi að vera um formlega greiningu að ræða svo framangreint ákvæði eigi við heldur nægi að einkenni sé komin fram. Af sjúkraskrárfærslu dags. 26. apríl 2021 megi sjá að M hafi haft vitneskju um að grunur væri um ME taugasjúkdóminn og hafi hún haft fjölmörg og langvarandi einkenni hans. Í samskiptaseðli dags. 27. apríl 2021 hafi heimilislæknir tekið fram að nafngreindur taugalæknir hafi talið um ME að ræða. Rétt sé að M hafi aldrei verið til meðferðar þess taugalæknis og því virðist vera um rangfærslu að ræða hvað nafn hans varði. Virðist M þá hafa fengið greiningu um ME í fyrsta tíma sínum hjá taugalækni hinn 13. ágúst 2021, sbr. fyrirbyggjandi bréf hans til V dags. 8. september 2024. Telji V því algerlega ljóst að einkenni sjúkdómsins og sterkur grunur um hann, hafi verið til staðar við töku váttryggingarinnar og hafi M mátt vera kunnugt um það. Á grundvelli framangreinds sé bótaskyldu því hafnað.

Að endingu vísar V til þess að samkvæmt fyrirbyggjandi vottorði dags. 8. september 2024 hafi greining komið fram í ágúst 2021. Samkvæmt skilmálum megi ekki fresta framkvæmd örorkumats lengur en í þrjú ár frá tjónsdegi. Sá matsfrestur sé því liðinn.

Í síðari viðbótarathugasemdom M er áréttað að M hafi ekki fengið neina tilkynningu um að váttryggingin sem hún tók á árinu 2017 hafi fallið niður í maí 2021. Hafi M þá ekki haft frumkvæði að töku nýrrar váttryggingar en mögulega hafi hún fengið símtal frá starfsmanni V sem hafi verið að yfirfara og uppfæra váttryggingar hennar hjá félaginu. M hafi þá ekki verið látin svara neinum spurningum um heilsufar sitt í tengslum við þennan gjörning. Þó breytingar, að frumkvæði V, hafi verið gerðar á þessum tíma geti það ekki leitt til þess að M sé verr sett en við upphaflega töku váttryggingarinnar árið 2017, enda væri það verulega ósanngjarnt og örökrétt. Svo byggt verði á þeirri afstöðu hefði V borið að upplýsa M um slíkt með sannanlegum hætti.

Hvað matsfrest varði þá sé ljóst af skilmálum váttryggingarinnar að tjónsatburður hafi ekki orðið fyrir en sjúkdómur hefur valdið varanlegri skerðingu á líkama hins váttryggða og ástand er orðið stöðugt. Fyrir byrji matsfrestur ekki að líða. Einkenni ME geti verið til staðar í mörg ár án þess að hann valdi varanlegri skerðingu og í tilfelli M hafi hún verið starfandi fram til júlímánaðar 2023. Hafi hún ekki orðið óvinnufær með öllu fyrir en 1. júní 2024. Sé því ljóst að matsfrestur sé ekki liðinn.

Í síðari viðbótarathugasemdom V er enn lýst þeirri afstöðu að M hafi mátt vera ljóst að með nýrri umsókn tæki ný váttrygging gildi enda hafi hækkun orðið bæði á váttryggingarfjárhæð og mánaðarlegu iðgjaldi. Ekki hafi verið um að ræða tvöfalda váttryggingu með tvöföldu iðgjaldi. Þá er því mótmælt að M hafi ekki sóst eftir nýrri örorkutryggingu enda liggi umsókn hennar fyrir.

Hvað matsfrest varði þá skapist réttur til bóta vissulega ekki fyrir en sjúkdómur hefur valdið varanlegri skerðingu og ástand er stöðugt, í fyrsta lagi tólf mánuðum eftir greiningu og örorkumat liggi fyrir. Það breyti þó ekki skýru ákvæði um matsfrest. Upphaf sjúkdóms miði við greiningardag samkvæmt skilmálum og þurfi mat að fara fram innan þriggja ára frá tjónsatburði. Í vottorði þess taugalæknis sem greindi M með ME komi fram að greining hafi legið fyrir í ágúst 2021 og sé matsfrestur því liðinn.

Álit.

Ágreiningslaust er að M hafi tekið örorkutryggingu tengda viðbótarlífeyrissparnaði hjá V á árinu 2017 og ber hreyfingayfirlit með sér að iðgjald hafi verið greitt árlega frá þeim tíma. Aðila greinir hins vegar á um hvort sú váttrygging hafi fallið niður á árinu 2021.

Fyrir liggur beiðni um örorkutryggingu sem ber með sér að M hafi undirritað hana rafrænt hinn 21. maí 2021. Samhliða undirritaði M upplýst samþykki til gagnaöflunar. Ekki var farið fram á neinar frekari upplýsingar frá M um heilsufar hennar. Samdægurs, eða rétt eftir að undirritun fór fram, fékk M, að því er virðist staðlaðan, tölvupóst frá tryggingaráðgjafa, starfsmanni V. Í framangreindum gögnum er ekkert minnst á þá váttryggingu sem M virðist þegar hafa verið með í gildi né er nein umfjöllun um að hún falli niður með þeim gerningi sem átti sér stað, eða að M sé með undirritun nýrrar beiðni að segja upp gildandi váttryggingu. Liggur þá ekkert fyrir varðandi það að M hafi ætlað sér að segja upp váttryggingunni á þessu tímabili, heldur virðist ætlan hennar þvert á móti hafa verið sú að hækka váttryggingarfjárhæð og launaviðmið með tilheyrandi hækkun iðgjalda.

Í 76. gr. laga um váttryggingarsamninga er fjallað um heimild váttryggingafélaga til að slíta váttryggingarsamningi á váttryggingartímabili. Í 2. mgr. 76. gr. kemur fram að sú heimild sé háð þröngum

skilyrðum, sem verður ekki séð að séu uppfyllt í tilviki M og er því raunar ekki borið við af hálfu V. Í 79. gr. laganna er fjallað um endurnýjun slysa- eða sjúkratryggingar og breytingu á skilmálum. Kemur þar m.a. fram, í 1. mgr., að hyggist váttryggingafélag ekki framlengja váttryggingu skuli tilkynna váttryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en váttryggingatímabilið er á enda, en að öðrum kosti framlengist váttryggingartímabilið um eitt ár. Í 2. mgr. er fjallað um heimildir váttryggingafélags til að neita að endurnýja váttryggingu, en svo slíkt sé heimilt þurfi sérstakar ástæður að liggja fyrir, og skal tilkynning um slíkt vera sannanleg og rökstudd. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi borist nein slík tilkynning og er því ekki borið við af hálfu V.

Þó breytingar séu gerðar á váttryggingarfjárhæð felur slíkt almennt ekki í sér uppsögn þeirrar váttryggingar sem þegar er í gildi heldur má reikna með að hún endurnýist með breyttum forsendum, eftir atvikum eftir að kallað hefur verið eftir upplýsingum um heilsufar ef um slysa- og sjúkdómatryggingu er að ræða. Þegar um slysa- og sjúkratryggingar er að ræða gæti slík uppsögn og taka nýrrar váttryggingar þá leitt til verulega verri stöðu váttryggðs, þar sem almennt er að finna ákvæði í skilmálum slíkra váttrygginga um að þær taki ekki til sjúkdóma sem komið hafa fram fyrir töku þeirra.

Í ljósi alls framangreinds, svo og þeirrar upplýsingaskyldu sem hvílir á váttryggingafélögum við ráðgjöf og sölu váttrygginga verður, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að telja alls ósannað að váttryggingu þeirri sem M var með í gildi hjá V frá árinu 2017 hafi verið sagt upp á árinu 2021. Verður því við úrlausn þessa máls miðað við að örorkutrygging sú sem M tók á árinu 2017 sé enn í gildi.

Eins og rakið er í málskoti kemur fram í skilmálum váttryggingarinnar að hún bæti ekki afleiðingar sjúkdóms eða meins sem komið hefur fram fyrir gildistöku hennar og váttryggður veit eða mátti vita um við undirritun váttryggingarsamnings. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að M hafi á árinu 2017 vitað eða mátt vita af því að hún væri með taugasjúkdóminn ME eða einkenni hans, en í sjúkraskrá hennar er fyrst minnst á grunsemdir um ME 27. apríl 2021. Breytir það engu hvað varðar þá afstöðu þó M hafi nokkrum árum áður einnig verið greind með vefjagigt, enda um sitt hvorn sjúkdóminn að ræða þó einhver einkenna þeirra kunni mögulega að vera keimlík.

Kemur þá til skoðunar hvort matsfrestur kunni að vera liðinn, en aðila greinir á um það. Í skilmálum váttryggingarinnar kemur fram að hún bæti lækisfræðilega örorku af völdum slyss eða sjúkdóms og að lækisfræðileg örorka skuli metin þegar stöðugleika er náð og frekari bata er ekki að vænta, þó í fyrsta lagi tólf mánuðum eftir að sjúkdómur greinist eða slys á sér stað. Þá kemur einnig fram að fresta megi örorkumati svo lengi sem þörf er á samkvæmt lækisfræðilegri reynslu eða vegna fyrirliggjandi möguleika á endurhæfingu, þó ekki lengur en í þrjú ár frá tjónsatburði. Ekki er í ákvæðinu að finna nánari skilgreiningu á „tjónsatburði“ en í skilgreiningarkafli skilmálanna kemur fram að váttryggingaratburður sé „atvik sem samkvæmt váttryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.“ Í framangreindu samhengi verður að túlka skilmálana þannig að tjónsatburður verði þegar sjúkdómur eða slys hefur valdið varanlegri skerðingu þannig að leitt geti til bótaréttar, þ.e. 50% örorku í tilviki sjúkdóma, enda kemur slík skerðing oft ekki til við greiningu sem slíka, heldur geta ýmsir langvinnir sjúkdómar sem á endanum valda örorku verið einkennalitlir framan af.

Kemur þá til skoðunar hvenær M varð fyrir slíkri skerðingu. Af gögnum málsins, þ.á.m. hreyfingayfirliti lífeyrissparnaðar og mati á starfsgetu dags. 22. ágúst 2023, verður ekki annað ráðið en að M hafi verið í 85% starfi fram til 1. febrúar 2023, en frá þeim tíma var hún samkvæmt fyrrgreindu mati metin til 50% örorku til fyrri starfa, en 100% frá 1. júní 2024. Er þriggja ára matsfrestur því ekki liðinn.

Að endingu er rétt að geta þess, þó niðurstaða nefndarinnar byggji ekki á því sem slíku, að nokkur vafi virðist leika á því hvenær M fékk greiningu um taugasjúkdóminn ME. Þannig segir í bréfi þess taugalæknis sem greindi hana til V, dags. 8. september 2024: „Það vottast að ég hef fylgt sjúklingi eftir síðan 13.08.2021. Fær hún þá greininguna...“. Ekki kemur því skýrt fram hvenær umrædd greining fékkst. Séu þessi ummæli túlkuð sem svo að M hafi fengið greiningu þegar við fyrstu komu til viðkomandi taugalæknis er það í nokkurri mótsögn við það sem fram kemur í málskoti um flókið og tímafrekt greiningarferli, svo og tilvísun til vottorðs sama taugalæknis, dags. 15. júlí 2023, í mati á starfsorku M dags. 22. ágúst 2023, en þar kemur fram að í því vottorði segi aðeins að M sé „grunuð um sk. ME sjúkdóm.“

Er bótaréttur úr örorkutryggingu M hjá V samkvæmt öllu framangreindu fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr örorkutryggingu tengdri viðbótarlífeyrissparnaði, hjá V.

Reykjavík, 20. janúar 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir